

Fylgiskjöl með samkomulagi þessu:
Kaupsamningur 2. júlí 2003
Mæliblað/uppdráttur af spildunni
Stofnskjal

Mál nr. 2002127

Samkomulag

Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579, annars vegar og Geymslusvæðið ehf., kt. 450791-1219, hins vegar gera með sér svofelld samkomulag:

Með kaupsamningi dags 2. júlí 2003 keypti Hafnarfjarðarbær spildu úr eignarlandi Geymslusvæðisins, upb 40,603 fm, sem afmarkað var með tilteknum hnitapunktum. Eignin var keypt til ráðstöfunar undir nýja legu Reykjanesbrautar. Nú liggur fyrir að brautinn verður ekki flutt heldur byggð upp á sama stað og hún hefur verið á. Hafin er vinna vegna breytingar á aðalskipulagi þar sem endanlega ákvörðun um legu Reykjanesbrautar verður tekin.

Fyrst að svo er, er um það samkomulag milli aðila að nefndur kaupsamningur skuli ganga til baka og að landið verði aftur eign Geymslusvæðisins ehf, gegn greiðslu á uppreiknuðu kaupverði skv., kaupsamningnum. Samkvæmt kaupsamningnumvar búið að festa verðið kr. 753 pr. m² alls 30.573.000,00 miðaða við BVT grunnur 1987 í júlí 2003 286,4 stig.

Samkomulag er um að Geymslusvæðinu verði síðan heimilt að bæta landinu við land sitt í Kaphelluhrauni 1., og 2., áfanga landnr. 122106 og deiliskipuleggja það til samræmis.

Gegn þessu mun Geymslusvæðið ehf. ekki gera neinar frekari kröfur á hendur Hafnarfjarðarbæjar vegna breytinga á aðalskipulagi svæðisins.

Samkomulag þetta er bundið þeim fyrirvara að óbreytt legu Reykjanesbrautar verði staðfest með breytingu á núgildandi aðalskipulagi.

Ekki skal þó verða af kaupum Geymslusvæðisins á landinu fyrr en framkvæmdir hefjast við Reykjanesbraut samkvæmt nýju aðalskipulagi og allir kæru- og áfrýjunarfrestir eru liðnir.

Til staðfestu ofanrituðu undirrita aðilar samning þennan í votta viðurvist.

Hafnarfirði _____ 2020.

F. h; Hafnarfjarðarbæjar:

F. h; Geymslusvæðisins ehf:

Vottar að rétttri dags., undirritun og fjárræði útgefanda:

_____ kt. _____

_____ kt. _____